

**1303. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 18.  
nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Gylfi Ólafsson formaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Þór Kristjánsson áheyrnarfulltrúi og Jóhann Birkir Helgason aðalmaður.

**Embættismenn:**

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Kláfur upp Eyrarhlíð - 2019070011**

Gissur Skarphéðinsson, Kristinn Hróbjartsson, Þorsteinn Másson og Úlfur Þór Úlfarsson, mæta til fundar við bæjarráð til að ræða gerð kláfs upp í Eyrarhlíð.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.*

**Gestir**

Gissur Skarphéðinsson - 08:10

Þorsteinn Másson - 00:00

Úlfur Þór Úlfarsson - 08:10

Kristinn Hróbjartsson - 08:10

Gestir yfirgáfu fund kl. 8:40.

**2. Frístundastyrkir - 2024110087**

Mál lagt fram að beiðni formanns bæjarráðs, en á 541. fundi bæjarstjórnar, þann 31. október 2024, undir 4. lið um fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025, lögðu bæjarfulltrúar B-lista Framsóknarflokks, fram bókun varðandi frístundastyrki í Ísafjarðarbæ.

Bókunin var eftirfarandi:

„Bæjarfulltrúar framsóknarflokksins fagna jákvæðri fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025. Ljóst er að samstaða og samvinna bæjarstjórnar ásamt uppsveiflu í atvinnulífi í sveitarfélaginu er að skila sér í betri árangri. Framsókn styður lækkun álagningarhlutfalls fasteignagjalda enda eiga íbúar sveitarfélagsins að njóta þess þegar betur árar. Við vinnu milli áætlana myndi Framsókn vilja skoða að gera enn betur og horfir þá sérstaklega til fjölskyldufólks. Í mörgum sveitarfélögum er veittur frístundastyrkur. Frístundaiðkun barna er kostnaðarsöm og myndi frístundastyrkur vera góð búbot

til barnafjölskyldna í Ísafjarðarbæ. Einnig er þetta hvati til íþróttá og tómsundabátttöku barna og unglinga og styrki grunn þess að öll börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Framsókn telur frístundakort gera sveitarfélagið enn samkeppnishæfara þegar kemur að búsetuákvörðun fjölskyldufólks. Framsókn leggur til að tekið verði til athugunar að taka upp frístundastyrk barna fyrir árið 2025, skoða hvernig önnur sveitarfélög vinna með frístundastyrk og kostnaðarmeta verkefnið.“

Lagt er fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs, dags. 15. nóvember 2024, um útfærslu frístundastyrkja í öðrum sveitarfélögum ásamt kostnaðargreiningu fyrir Ísafjarðarbæ á sambærilegum styrkjum.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að kr. 10.000.000 verði eyrnamerkta verkefni um frístundastyrk á árinu 2025 og að fjárhæðin verði hluti af fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025.*

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að vísa gerð reglna og verklags um úthlutun frístundastyrkja Ísafjarðarbæjar til skóla-, íþróttá- og tómsundanevndar.*

### Gestir

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsundasviðs - 08:40

Hafdís yfirgaf fund kl. 9:10.

### **3. Ársfjórðungsuppgjör 2024 - 2024040066**

Lagt fram til kynningar minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 14. nóvember 2024, um niðurstöðu þriðja ársfjórðungs 2024 ásamt stöðu framkvæmda og viðhalds í lok þriðja ársfjórðungs. Uppgjörið sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu A og B hluta upp á 1.214 m.kr. fyrir janúar til september 2024. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 1.007 m.kr. fyrir sama tímabil og er rekstrarafgangur 206 m.kr. hærri en áætlað var á þriðja ársfjórðungi.

*Lagt fram til kynningar.*

### Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:15

### **4. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2024 - stofnframlög kaup Brákar Suðureyri og Þingeyri - 2024040018**

Á 1291. fundi bæjarráðs, þann 12. ágúst 2024 var samþykkt umsókn Ísafjarðarbæjar, um stofnframlag vegna kaupa á 11 íbúðum á Suðureyri og 9 íbúðum á Þingeyri, f.h. Brákar íbúðafélags hses., að fjárhæð kr. 200.300.000 annars vegar og kr. 126.880.000 hins vegar. Bæjarráð samþykkti að veita 12% stofnframlag til kaupanna að fjárhæð kr. 24.036.000 annars vegar og kr.

15.225.600 hins vegar, alls kr. 39.261.600. Var bærarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málanna og leggja fyrir bæjarráð til samþykktar á næsta fundi. Var umræddur viðauki lagður fram til samþykktar í bæjarráði þann 16. ágúst 2024 og samþykktur í sumarleyfi bærarstjórnar.

Er nú lagður fram til samþykktar viðauki 17 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna þessara stofnframlagaverkefna.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-.  
Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur 185.800.000.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur í kr. 738.700.000

*Bæjarráð leggur til við bærarstjórn að samþykkja viðauki 17 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna þessara stofnframlagaverkefna.*

*Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-.*

*Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur 185.800.000.*

*Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0 og er því rekstrarafgangur óbreyttur í kr. 738.700.000*

Edda yfirgaf fund kl. 9:25.

## **5. Eignarhald félagsheimili Flateyri - 2023010161**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 15. nóvember 2024, um eignarhald og framtíð Félagsheimilisins á Flateyri.

Jafnframt lögð fram þinglýst gögn, eignayfirlýsing, grunnleigusamningur og lóðablað, svo og fasteignayfirlit.

*Bæjarráð er enn fylgjandi sölu á fasteigninni og felur bærarstjóra að gera tillögu að útfærslu á næstu skrefum.*

*Bæjarráð telur mikilvægt að söluandvirði verði nýtt til uppbyggingar á Flateyri og eins gert var með söluandvirði Bakkaskjólis í Hnífsdal.*

## **6. Mánaðaryfirlit launakostnaðar 2024 - 2024030070**

Lagt fram til kynningar minnisblað Helgu Sigríðar Hjálmarsdóttur, launafulltrúa, dagsett 13. nóvember 2024, vegna launakostnaðar fyrir janúar til október 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

## **7. Þjónustustefna 2023-2026 - 2022110084**

Á 1258. fundi bæjarráðs þann 9. október 2023 var lagður fram tölvupóstur Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. innviðaráðuneytis, dagsettur 29. september 2023, vegna lögbundinnar skyldu sveitarfélaga til að móta þjónustustefnu í byggðum

og byggðarlögum sveitarfélaga, fyrir komandi ár og næstu þrjú árin eftir það. Skál mótun stefnunnar unnin samhliða fjárhagsáætlunargerð, leitast skal við að hún verði unnin í samráði við íbúa, og skal sveitarstjórn fjalla um hana á tveimur fundum með minnst tveggja vikna millibili. Bæjarráð fól bæjarstjóra að hefja vinnu við gerð þjónustustefnu fyrir Ísafjarðarbæ og leggja drög fram til samþykktar í bæjarráði.

Er nú lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 12. nóvember 2024, kortlagning sviðsstjóra á þjónustu sveitarfélagsins, drög að byggðaáætlun, þ.e. aðgerð A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis, leiðbeiningar um mótun þjónustustefnu sveitarfélaga, frá Byggðastofnun, og þjónustustefna Norðurþings 2023.

*Bæjarráð telur að eftir rýni kjörinna fulltrúa fari frekari vinnsla stefnunnar fram eftir áramót. Bæjarráð felur bæjarstjóra að skipuleggja vinnufund bæjarfulltrúa á nýju ári og íbúasamráð í kjölfarið.*

**8. Ívilnanaheimildir A.6 Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði - 2024110071**

Lagður er fram tölvupóstur Reinhards Reynissonar f.h. Byggðastofnunar, þar sem upplýst er um stöðu mála varðandi nýtingu ívilnanaheimilda í lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 ásamt tillögum starfshóps heilbrigðisráðherra um nýtingu ívilnanaheimildanna og svæðaskilgreiningu Byggðastofnunar skv. 1. mgr. 28. gr. laganna.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að boða forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða til samráðs um málið.*

**9. Fundargerðir og fleira 2024 - 2024110097**

Lögð fram til kynningar fundargerð 77. stjórnarfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, en fundar var haldinn 9. október 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 641 - 2410019F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 641. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 14. nóvember 2024.

Fundargerðin er í 14 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

10.1 2024090115 - Tunguskeið, Skutulsfirði. Nýtt deiliskipulag á svæði í2

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10.5 2022090018 - Úrgangsstjórnun og svæðisáætlun

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035, til samþykktar í bæjarstjórn.

- 10.7 2024100090 - Efnisnáma Mýrum í Dýrafirði. Ósk um aðalskipulagsbreytingu, Kýrá

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna efnistökusvæðis við Kýrá nnr. 22694, skv. 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 10.8 2022070024 - Reglur um útgáfu stöðuleyfa

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærðar reglur um stöðuleyfi.

- 10.10 2024090018 - Framkvæmdaleyfi. Dagverðardalur, orlofshúsasvæði á F21

Skipulags- mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis, í samræmi við umsókn og fyrirliggjandi gögn. Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag var staðfest hjá Skipulagsstofnun 8. nóvember 2024.

## **11. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 152 - 2410026F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 152. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, en fundur var haldinn 7. nóvember 2024.

Fundargerðin er í 4 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

- 11.2 2022090018 - Úrgangsstjórnun og svæðisáætlun

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10**

---

Gylfi Ólafsson

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Jóhann Birkir Helgason

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir